

Kilómetragjald – Dagpeningar innanlands

Breytingar í staðgreiðslu frá 1. júlí 2000

Kilómetragjald

Mat á kilómetragjaldi, til frádráttar á móti fengnum ökutækjastyrk, hefur breyst nokkuð ört undanfarið. Er því rétt að benda á að á upplýsingavef ríkisskattstjóra, rsk.is, má finna þær fjárhæðir sem tilgreindar eru hér að neðan og gilda frá 1. júlí, og að auki þær fjárhæðir sem tóku gildi 1. apríl og 1. október sl.

Almennt kilómetragjald frá 1. júlí:

Fyrstu	10.000 km	kr. 44,85 pr. km
Næstu	10.000 km	kr. 40,40 pr. km
Umfram	20.000 km	kr. 35,90 pr. km

Sérstakt gjald

Ef greitt er sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag er kilómetragjaldið 15% hærri en almennt kilómetragjald.

Torfærugjald

Ef greitt er torfærugjald vegna aksturs utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbilum er kilómetragjaldið 45% hærri en almennt kilómetragjald.

Takmörkuð afnot bifreiða

Hlunnindi vegna takmarkaðra afnota af bifreið í eigu launagreiðanda verða metin kr. 44,85 pr. km.

Dagpeningar innanlands

Í orðsendingu nr. 5/2000 frá því í júní var tilkynnt um breytingar á dagpeningum innanlands og erlendis, sem gildi tóku 1. júní. Nú hefur aftur orðið breyting á dagpeningum innanlands þar sem kostnaður vegna gistingar hækkar. Þessi breyting tók gildi 1. júlí.

Mat á kostnaði á móti dagpeningum til greiðslu og fæði innanlands verður:

- Gisting og fæði í einn sólarhring kr. 11.000
- Gisting í eina nótt kr. 6.800
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag kr. 4.200
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag kr. 2.100

Skilyrði fyrir því að halda megi dagpeningagreiðslum utan staðgreiðslu eru að fyrir liggja gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga eða eftir atvikum reikningar frá þriðja aðila, svo og nafn og kennitala launamanns.

Dagpeningar erlendis breytast ekki

Virðisaukaskattsskrá á rsk.is

Nú er hægt að fletta upp vsk-númerum á netinu

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra, rsk.is, er búið að opna síðu þar sem hægt er að fletta upp í skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila, bæði eftir kennitölum og vsk-númerum.

Upplýsingarnar sem birtast eru nafn, kennitala og heimilisfang, vsk-númer og staða númers, þ.e. hvort það er opið (virkt) eða lokað (afskráð). Hjá þeim sem eru með fleiri en eitt vsk-númer skráð, birtast þau öll. Birtar upplýsingar eru þær sömu, hvort sem flett er eftir kennitölu eða vsk-númeri.

Síðan með skránni er undir „Nýtt efni“ á rsk.is, annars er leiðin að henni:

- [Atvinnurekstur](#) > [Virðisaukaskattur](#) > [Virðisaukaskattsskrá](#)